

UMRÆÐAN

Ruðningsáhrifin

Helga Guðrún Jónasdóttir fjallar um prófkjör Sjálfstæðisflokksins

TVEIR samverkandi þættir höfðu afgerandi áhrif á niðurstöðu prófkjörs Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík og Garðabæ eða „ruðningsáhrif“ sem toppbarátta þriggja karlmanna leiddi af sér annars vegar og hins vegar sú athyglisverða staðreynd að karlmenn voru í minnihluta frambjóðenda.

Ruðningsáhrifin

Reglur prófkjörsins voru í grundvallaratriðum þannig að atkvæði í tiltekið sæti telja upp á við, ef svo má að orði komast, og hafa prófkjör innan Sjálfstæðisflokksins jafnan verið framkvæmd með þessum hætti. Fyrir vikið hlaut frambjóðandi úr röðum kvenna, Laufey Jóhannsdóttir, 7. sæti listans þótt hún hafi hlotið flest atkvæði allra í 2. sætið. Ástæðan er sú að sá sem hreppti 2. sætið var með mun fleiri atkvæði en Laufey í 1. sætið og „ruddi“ henni þar með niður, í Laufeyjar tilviki alveg niður í 7. sæti, sökum atkvæðadreifingarinnar. Þetta er einnig ein af ástæðum fyrir því að Ragnhildur I. Guðbjartsdóttir endar í 5. sætinu þótt hún sé með þriðja mesta atkvæðamagnnið á bak við sig, svo að dæmi séu nefnd.

Dreifingarmynstur atkvæða

Ruðningsáhrifin skýra þó ekki lakan hluta kvenna nema að hluta. Þegar rýnt er í úrslit prófkjörsins kemur berlega í ljós mynstur sem minnr á fléttulista, þ.e. þau sem tóku þátt virðast hafa kosið jöfnun

höndum konur og karla í fjögur efstu sæti. En þar sem konurnar voru nærri helmingi fleiri en karlarnir dreifðust þau atkvæði sem konur fengu í fjögur toppsætin á fleiri einstaklinga. Þetta er líklega helsta skýringin á velgengni karlanna í fjórum efstu sætum listans. Þetta segir okkur jafnframt að innan Sjálfstæðisflokksins vill fólk almennt að hlutur kvenna og karla sé sem jafnastur, enda er það jafnan fosenda sig-urstranglegasta framboðslistans. Það tryggir þó ekki alltaf að prófkjör skili sig-urstranglegustu niðurstöðunni.

Patentlausn?

Megintilgangur prófkjöra er að stilla upp sterkasta framboðslistanum hverju sinni. Borðið saman við uppstillingu eru þau að flestu leyti ef ekki öllu ákjósanlegri aðferð; prófkjör er lýðræðislegra, opnara og veitir hinni svokölluðu flokksforystu aðhald. Þessi aðferð er þó ekki gallalaus, með tilliti til m.a. kynjahlutfalls og kostnaðar. Það eru aðrar aðferðir reyndar ekki heldur, eins og t.d. stækkað kjördæmning, skoð-anakannanir, fléttulistar eða hvað svo sem hefur verið bryddað upp á í nafni aukins lýðræðis. Staðreyndin er sú, að það er engin patentlausn til að lýðræðinu, heldur aðeins misgöður útfærslur. Á meðan prófkjör í þessari mynd eru enn skásta leiðin hlýtur Sjálfstæðisflokkurinn að styðjast við þau. Það fríar okkur hins vegar ekki frá því að leita lýðræðislegri og betri leiða, séu þær á annað borð til.

Höfundur er kynningarstjóri B&L og sjálfstæðiskona í Kópavogi.



Helga Guðrún Jónasdóttir

„Megintilgangur prófkjöra er að stilla upp sterkasta framboðslistanum hverju sinni.“

Nútíma lýðræði

Hugrún R. Hjaltadóttir fjallar um lýðræði og jafnréttismál

Á UNÐANFÖRUM árum hefur verið mikil togstreita í alþjóðasamfélaginu. Stríðsrekstur og friðarsamningar í nafni frelsis og friðar hafa komið af stað líflegri umræðu um merkingu hugtaksins lýðræði og mikilvægi lýðræðislegra stjórnmunarháttá. Hér á Íslandi státtum við okkur af því að eiga eitt elsta lýðræðislega kjörna þjóðþing í heimi. Við minnumst þess með stolti þegar forfeður okkar hittust á Þingvöllum en er nóg að lifa á fornri fræð? Viljum við ekki líka vera stolt af því að búa við lýðræðiskerfi sem stenst nútíma kröfur?

Það eru til margar skilgreiningar á lýðræði en flestar fela þær í sér hugmyndina um að þeir kjörnu fulltrúar, sem stjórna í umboði fólksins, eigi að endurspegla samsetningu þjóðarinnar. Landinu hefur verið skipt um í kjördæmi svo þingmenn komi frá ólíkum landslutum og tryggi þannig ólíka hagsmuni ólíkra svæða. En það eru fleiri þættir sem þarf að hafa í huga til þess að tryggja að kjörnir fulltrúar endurspegli þegnana. Nú

fer að líða að sveitarstjórnarkosningum og umræða um frambjóðendur, málefni og framtíðina er ofarlega á baugi. Þetta er því kjörinn tími til að líta yfir farinn veg og skoða hvernig staða lýðræðis er á Íslandi í dag.



Hugrún R. Hjaltadóttir

Samkvæmt tölum Hagstofunnar deilast Íslendingar í tvo nánast jafnstóra hópa, 49,9% konur og 50,1% karlar. Fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningum voru 28% kjörinna fulltrúa konur en 72% karlar. En eftir síðustu kosningar voru 31% kjörinna fulltrúa konur og 69% karlar. Þetta er aukning sem nemur þrem prósentum. Oft er talað um að

jafnrétti sé náð þegar hlutföll kynjanna eru á milli 40% og 60% en til þess að ná því þurfa konur að auka hlut sinn í sveitarstjórnunum um 9%. Þessi níu prósent sem upp á vantar til að kjörnir fulltrúar í sveitarstjórnunum landsins uppfylli þær lýðræðislega kröfur sem við gerum í nútíma samfélagi er ekki óraunhæft markmið og ég vona að við náum því í maí.

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að jafnrétti kemur ekki af sjálfu sér og áunnin réttindi geta tapast sé þeirra ekki gætt. Í ár var haldið upp á að 90 ár eru

Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því að jafnrétti kemur ekki af sjálfu sér og áunnin réttindi geta tapast sé þeirra ekki gætt. 6

síðan konur fengu kosningarétt og kjörgengi. Einnig var þess minnst að 30 ár eru liðin frá kvennafriðgeinum. Þessi tvönn tímamót vöktu fólk til umhugsunar og umræðu. Höfum við virkilega unnið að jafnrétti kynjanna á Íslandi í 90 ár? Er launamunur kynjanna enn til staðar, 30 árum eftir að bent var á þetta óréttlæti með aðgerðum sem vöktu heimsathygli? Enginn vill óréttlæti. Enginn ætlar sér að brjóta á öðrum en samt viðgengst misrétti. Það eina sem þarf er vilji til að breyta, líta í eigin barm og spyrja hvað get ég gert? Þessi níu prósent sem upp á vantar eru ekki óyfyrstíganlegur þröskuldur. Slíkur árangur væri mikilvægt skref í átt að betra samfélagi.

Ef við tökum höndum saman og ætlum okkur að ná jafnrétti eignum við möguleika á að ná því markmiði.

Höfundur er sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu.

Sameiningin eflir kennslu, vísindi og rannsóknir

Kristján Erlendsson fjallar um málefnið: „Af hverju nýtt sjúkrahús?“

ÍSLENDINGUM er nauðsynlegt að hafa sjálfstætt og frambærilegt háskólasjúkrahús í landinu til að tryggja viðhald, þróun og gæði heilbrigðiskerfis sem landsmenn gera kröfu um og eiga rétt á samkvæmt lögum. Á háskóla-sjúkrahúsi er fléttað saman í daglegu starfi þjónustu við sjúklinga, kennslu heilbrigðisstétta og vísindarannsóknnum.

Einfalt dæmi sýnir þetta glögg: Kandidat kemur á vakt kl. 11 að kvöldi. Fyrir um kvöldið hafði komið inn sjúklingur með mæði og á lungnamynd sást fjöldi lítilla hnúta. Á morgunfundinum 9 klst. síðar er kandidateinn búinn að skanna inn lungnamyndina, lesa sér til í nýjustu fræðigreiningu og útbúa 10 mínútna fyrirlestur um allt það nýjasta í greiningu og meðferð í svona tilvikum. Þetta vinnulag verður til þess að nýjasta vitneskja er borin fram fyrir þá sem eru í námi auk þess sem aðrir læknar, s.s. sérfræðingar í öðrum sérgreinum, rífta þarna upp og eru fræddir um það nýjasta hverju sinni. Vinnubrögðin viðhalda og efla menntun starfsmanna, tryggja sjúklingum nýjustu meðferð og gera jafnframt kröfur til kennara um að fylgjast með og taka þátt í menntandi umræðu. Þau eru enn fremur undirstaða gæðaúttekta og rannsóknarvinnu þar sem ný þekking verður til.


Á annað þúsund nemendur

Menntun heilbrigðisstétta byggist annars vegar á kennslu í grunngreinum og hins vegar starfsþjálfun í heilbrigðiskerfinu. LSH er helsta kennslustofnun hér á landi í heilbrigðisvísindagreinum og á hverju ári stunda um 1.100 nemendur nám á spítalanum til undirbúnings störfum í heilbrigðiskerfinu. Spítalinn er nú á um tuttugu stöðum á hof-

uðborgarsvæðinu og kennslan því dreifð. Það hindrar verulega þróun kennslunnar því mikilvægt er að samþætta fræðigreinar svo nemandur fái heildræna mynd af gerð og starfsemi líkamans og áhrifum sjúkdóma á líkama og sál.

Ný heildarstefna mótuð

Mikilvægt er að ný heildarstefna verði mótuð um kennslu heilbrigðisstétta þar sem lögð er áhersla á þverfaglegt samstarf við úrlausn vandamála sjúklinga. Við undirbúningu að nýrri spítalabyggingu hefur verið unnið skipulega að þessu markmiði. Háskóli Íslands (HÍ) og LSH hafa ákveðið að færa saman kennslu þeirra heilbrigðisstétta sem eiga að vinna saman í



Kristján Erlendsson

framtíðinni og grunnkennslan verður í nánari tengslum við LSH en verið hefur, þá stofnun sem annast mestan hluta starfsþjálfunarinnar. Jafnframt hefur verið ákveðið að framtíðaruppbygging Tilraunastofu Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum verði á sameiginlegri lóð LSH og HÍ. Þannig tengjast betur þeir starfsmenn sem fremst standa í rannsóknnum í heilbrigðisvísindum á Íslandi, þ.e. starfsmenn LSH, starfsmenn heilbrigðisvísindadeilda HÍ og vísindamenn á Keldum. Fyrirsjáanlegt er að náð samstarf þessara hópa verði mikil hvatning til aukinna vísindastarfa hér á landi.

Íslensk heilbrigðisvísindi og rannsóknir í alþjóðlegu ljósi

Heilbrigðisvísindi eru alþjóðleg og samþætting við erlendar stofnanir því nærtækur. Íslenskir vísindamenn á þessu sviði hafa verið mjög virkir og gæði verka þeirra ótvírætt mikil. Það sést til dæmis á því að þeir hafa verið fremstir meðal jafningja í birtingu vísindagreina í erlendum fræðiritum og í þær er mikið vitnað. Þessi árangur hefur náðst þótt aðstæður sé oft ófullkomnar. Vísindarannsóknir krefjast sífellt aukinnar samvinnu milli

Þau byggingaráform sem nú eru uppi undirstrika skilning á mikilvægi náinnar samvinnu sérfræðinga svo háskólasjúkrahús geti vaxið, dafnað og gegnt sínu hlutverki. 6

hópa starfsmanna og bættrar rannsóknaraðstöðu. Við því þarf að bregðast. Tækniframfarir í heilbrigðisvísindum byggjast á árangursríkri rannsóknarvinnu. Leiðin frá rannsóknarstofunni að rúmstoknum er greiðust í lifandi og fersku háskólaumhverfi. Háskóla-sjúkrahús eru sjúkrahús þar sem besta tækni er hagnýtt til þjónustu við sjúklinga. Landspítali – háskóla-sjúkrahús hefur náð að standa undir þessum merkjum og virk háskólastarfsemi er undirstaða þess að hann geti enn sótt fram.

Að hugsa nýja hugsun

„Vísindi eru að sjá það sem aðrir hafa áður séð og hugsa nýja hugsun“ er haft eftir Nóbelsverðlaunahafanum Albert von Szent-Györgyi (1937). Þau byggingaráform sem nú eru uppi undirstrika skilning á mikilvægi náinnar samvinnu sérfræðinga svo háskólasjúkrahús geti vaxið, dafnað og gegnt sínu hlutverki. Sameiginleg uppbygging háskólastarfsemi og sjúkrahússtarfsemi er nauðsynleg til að þekking og kunnáttu fámenns hóps sérfræðinga smáþjóðar nýtist sem best. Að hugsa nýja hugsun er kjarni háskólastarfs og undirstaða þrjúþættar starfsemi og þjónustu háskóla-spítala. Ánægjulegt er að nú gefst tækifæri til þess að skipuleggja þessa mikilvægu starfsemi í heild. Nauðsynlegt er að nýta það til hins ýtrasta og hafa í huga að vísindin efla alla dáð.

Höfundur er læknir, varadeildarforseti læknaeildar HÍ og framkvæmdastjóri kennslu, vísinda og þróunar á LSH.

Konur í Kópavogi

Hildigunnur Lóa Högnadóttir fjallar um prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi

PRÓFKJÖR Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi er n.k. laugardag.

Alls hafa fimmtán manns gefið kost á sér að þessu sinni, sjö konur og átta karlar, hvert öðru betra, en í þessari grein ætla ég eingöngu að minna á konurnar og skora á aðrar konur í Kópavogi að veita þeim gott brautargengi í prófkjörinu. Látum ekki slysið í Garðabæ henda konur í Kópavogi.

Það er reyndar umhugsunarvert hversu einkennilega raðaðist á lista þeirra Garðabæinga með fullri virðingu fyrir þeim kórlum sem völdust í fjögur efstu sætin. Mikil stemmning hefur ríkt undanfarið í Sjálfstæðisflokki í garð kvenna og eru

landsfundur flokksins og prófkjörin í Reykjavík gott dæmi um það. Allir eru sammála um nauðsyn þess að konur skipi efstu sæti til jafns við karla, en hvað gerist í Garðabæ? Hvar voru konur í Garðabæ og hvað voru kjósendur þar yfirleitt að hugsa, hvað hugsuðu t.d. konurnar fimm hundruð sem nýverið tóku þátt í leiðtoganámskeiði á vegum flokksins þar í bæ? Ég er nokkuð viss um að það snerist ekki um að setja konur til hliðar eða hvað?



Hildigunnur Lóa Högnadóttir

„Allir eru sammála um nauðsyn þess að konur skipi efstu sæti til jafns við karla...“

glæsilegir kynningarbæklingar frá þeim.

Í þessum hópi eru bæði mjög reyndar konur annars vegar og hins vegar nýliðar sem mikils má vænta af. Í þessum hópi kvenna eru konur með mikla og góða menntun og starfsreynslu sem mundi nýtast Kópavogsbæ vel.

Ég vænti þess að konur láti ekki sitt eftir liggja og taki þátt í prófkjörinu. Kjósum þær í örugg sæti í bæjarstjórn Kópavogs.

Höfundur er skrifstofustjóri og fyrverandi formaður Eddu, Félags sjálfstæðiskvenna í Kópavogi.

Rösa
Allt fyrir þaðherbergið
Flisabúðin
Stórhöfða 21, við Gullinbrú,
sími 545 5500,
www.flis.is • netfang: flis@flis.is